

Eystrahorn

26. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 9. júlí 2020

www.eystrahorn.is

Fjóshlaðan, mjólkurhúsið, jöklarnir og fjöllin, ...góð blanda!

Lengi hefur mig langað til að sjá fleiri fréttir úr ferðabjónustunni hér á svæðinu, en þær skrifa sig ekki sjálfar og hef ég nú ákveðið að leyfa ykkur að fylgjast með því sem ég, Berglind Steinþórsdóttir og maðurinn minn Haukur Ingi Einarsson erum að brasa þessa dagana í fyrirtækinu okkar Glacier Adventure sem er á Hala í Suðursveit. Það er svo von mín að einhver „gripi pennann á lofti“ og haldi áfram með pistla af því sem er í boði hér í sveitarfélaginu.

Það hefur nú verið meira um manninn á Breiðarbólstaðartorfunni síðustu árin, fækkun ferðamanna og það ástand sem nú ríkir er eitthvað sem hefur áhrif á alla, sama hvaða starfi og hlutverki fólk gegnir. Sumir fagna þessum rölegheitum og enn aðrir nota tímann í að gera ýmislegt sem hefur setið á hakanum lengi. Það hefur verið draumur okkar lengi að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem er á torfunni og síðustu ár höfum við verið að breyta húsnæði sem áður var fjós og fjóshlaða í aðstöðu fyrir okkar fyrirtæki. Þannig að við höfum ekki setið auðum höndum þrátt fyrir að ferðamennirnir hafi verið færri en vanalega og nýtt tímann til endurbóta. Mjaltarbásinn er orðinn að móttöku fyrir fólk sem kemur í ferðirnar okkar og þar er líka smá verslun með helstu nauðsynjum fyrir útivistina, mjólkurhúsið er nú orðin að aðstöðu fyrir starfsfólk og núna í sumar höfum við nýtt tímann til að gera fjóshlöðuna að skemmtilegum sal sem nýtist við hin ýmsu tækifæri. Á sumrin förum við í jökklagöngur, bæði langar og stuttar á Breiðarmerkurjökul og einnig förum við í fjallgöngur með hópa. Það er virkilega gaman að geta nýtt



húsnæði sem áður höfðu annað hlutverk og uppfæra þau en halda samt sem áður karakternum, eins og mjaltarbásinn hann er ennþá opin að hluta og er notaður til að bæta vinnuádstöðuna þegar leiðsögumaður er að máta jökklabrodda á fólk sem er að fara í ferð, þá þarf hann ekki að beygja sig niður. Þannig að mjaltarbásinn heldur sínu hlutverki í að bæta vinnuádstöðuna þó svo að ekki sé verið að mjólka kýr.

Fjóshlaðan er gæluverkefni sumarsins, þetta er skemmtilegt verkefni sem á bara eftir að stækka og vonandi á næstu misserum. Stefnan er sett á að þarna verði lítið kaffihús í framtíðinni og fjóshlöðuna er hægt að nota fyrir ýmis tilefni, samkomur fyrir hópa, tónleikahald og annað álíka.

Það er gaman að sjá hvað það er orðin fjólbreytt starfsemi á torfunni, það er gisting, veitingastaðir, safn og hægt að fara í ferðar á jökla og fjöll. Við höfum verið með hópa í ferðum og þá kemur fjóshlaðan sér vel eftir ferðina. Í sumar höfum við verið með dagsferð þar sem við förum með hópa



í fjallgöngu upp Nautastíginn, inn í Hvannadal og endum í Staðarfjalli. Þetta er falleg gönguleið með ótrúlega fjólbreyttu landslagi, það eru fossar, ár, fjallstindar, gil og dýralífið er ekki síðra, þarna er flóra og fána landsins í sinni fegurstu mynd. Í lok júní förum við í algjöra fjallastelpuferð, þá var blandaður hópur af konum sem komu allstaðar að og voru allar með það sameiginlega markmið að kynna nýju svæði og konum sem hafa gaman af því að ganga á fjöllum. Eftir gönguna var haldið heim á Hala þar sem var boðið upp á grillaða hamborgara og samveru í fjóshlöðunni, þegar margar konur koma saman þá skortir nú ekki umræðuefni og það var aldeilis gaman hvernig til tókst. Daginn eftir þá var farið í jóga í fjóshlöðunni, þar sem stíðir skrokkar urðu mjúkir á ný og til í að takast á við fleiri göngur og ævintýri. Það væri nú ekki leiðinlegt að bæta nokkrum Mullers æfingum í anda Þórbergs Þórðarsonar inn í þessa dagsskrá, en við notum einmitt

frásagnir hans af svæðinu til þess að fræða fólk um hans hugðarefni.

Fjallastelpuferðin heppnaðist virkilega vel, við ætlum að endurtaka leikinn aftur þann 18. júlí og bjóða upp á ferð fyrir konur á öllum aldri sem vilja koma og eiga góðan dag á fjöllum, í fallegu umhverfi, með leiðsögn og enda svo á hamborgaraveislu í fjóshlöðunni. Ef einhverjar vilja kynna sér þetta betur þá eru upplýsingar á heimasíðunni okkar um ferðina og endilega hafið samband við okkur í síma 571-4577 eða senda okkur tölvupóst á info@glacieradventure.is Það má líka bóka þessa ferð fyrir hópa á öðrum tímum, bara sendið okkur línu og við græjum þetta saman. Á heimasíðunni www.glacieradventure.is er hægt að sjá fleiri myndir af breytingunni á fjóshlöðunni og aðstöðunni í mjólkurhúsinu.

Læt þetta duga í bili, njótið sumarsins!



Jóga með Huldu Laxdal í fjóshlöðunni

Síðast blað fyrir sumarfrí kemur út fimmtudaginn 16. júlí



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

13., 14. og 15. júlí.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. júlí.

Næsta skoðun 17., 18., og 19. ágúst.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga auglýsir jeppa og gönguferð í V-Skaftafellssýslu 17. til 19. júlí.

Þessa helgi ætlum við að hafa gaman. Við ætlum að jeppast smá, ganga pínulítið og fagna stórt. Þessa helgi ætlum við að fagna 40 ára afmæli Ferðafélags Austur – Skaftfellinga .



Dagskrá verður alla helgina og ætlar Magnhildur Pétursdóttir að leiða ykkur um leyndar perlu í Vestur Skaftafellssýslu.

Kvöldganga verður á föstudagskvöldinu 17. júlí . Lagt af stað frá Tunguseli kl.18:00. Á laugardaginn 18.júlí verður svo jeppa og gönguferð út í óvissuna sem endar með grillveislu og kvöldvöku. Lagt af stað frá Tunguseli kl. 9:00. Á sunnudeginum 19. Júlí verður svo stutt gönguferð.

Afmælisfagnaðurinn verður haldinn eftir gönguferð laugardaginn 18. júlí í Tunguseli félagsheimili sem staðsett er í Skaftártungu og þar munum við einnig hafa aðsetur frá föstudegi til sunnudags.

Aðstaða í og við Félagsheimilið Tungusel er mjög góð. Fólk má koma með sína eigin svefnvagna en einnig er hægt að fá gistingu inni á dýnum í sal.

Allir eru velkomnir og hvetjum við brottflutta og gamla félagsmenn til að fagna með okkur

Verð fyrir félagsmenn 10.000 kr.

Útanfélagsmenn 11.000 kr.

Ungmenni 14 ára til 18 ára 5000 kr.

Fritt fyrir 14 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

Innifalið í verði er: Gisting x2 nætur, morgunmatur, grillveisla og fararstjórn

Skrá þarf þátttöku í þessa ferð fyrir þriðjudaginn 14. júlí .

Skráning í síma 868-7624 Magga (gott að nota sms) 864-5456 Sigrún.

Hlökkum til að sjá ykkur.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur Guðlaug Hestnes

Úmbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Íbúakönnun



Bæjarstjórn óskar eftir að íbúar taki þátt í stuttri könnun vegna stefnumótunarvinnu í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarfélagið Hornafjörður setti í vetur af stað vinnu við stefnumótun sveitarfélagsins með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Hluti þeirrar vinnu er mótun stefnu til framtíðar, val á gildum og framtíðarsýn sveitarfélagsins ásamt kynningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Það skiptir miklu máli fyrir sveitarfélag að gildi íbúa og þeirra sem stjórna séu svipuð eða í takt. Gildi eru viðtækt siðferðilegt hugtak um verðmæti sem bæta samfélög og einstaklinga. Í könnuninni má finna nokkur gildi sem við leggjum til að valið verði á milli.

Áætlun um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Með henni er einnig leitast við að stuðla að friði um gjörvallan heim og þar með auknu frelsi. Ljóst er að útrýming fátæktar í allri sinni mynd og umfangi, að meðtalinni sárafátækt, er stærsta verkefnið á heimsvísu og ófrávikjanlegt skilyrði fyrir sjálfbærri þróun. Öll lönd og haghafar munu, í gegnum samstarfsverkefni, hrinda þessari áætlun í framkvæmd. Með heimsmarkmiðunum verða stigin afgerandi skref til breytinga sem nauðsynleg eru í því skyni að koma veröldinni á braut sjálfbærni. Sveitarfélagið Hornafjörður áformar að taka þátt í þeirri vinnu.

Fyrirhugað er að halda íbúafund í haust til að fá fram sjónarmið íbúa í stefnumótunarvinnuna. Jafnframt teljum við mikilvægt að kanna hug íbúa á þessu stigi í ljósi þess langar okkur að biðja þig um að svara stuttri spurningakönnun sem við getum notað í stefnumótunarvinnunni því þitt álit skiptir miklu máli. Við biðjum þig um að svara könnuninni fyrir 31. júlí næstkomandi. Niðurstöður könnunarinnar verða síðan kynntar á heimasíðu sveitarfélagsins og á íbúafundi sem haldinn verður í haust. Fundurinn og efni hans verður kynnt nánar síðar.

Hlekkur á könnunina er á heimasíðu Sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sumarlokun

Ráðhúsið verður lokað
frá og með 30. júlí til og
með 7. ágúst vegna
sumarleyfa.



Sveitarfélagið Hornafjarðar / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is

Takk fyrir að vera #tilfyrirmyndar

Hvatningarátakið TAKK FYRIR AÐ VERA TIL FYRIRMYNDAR er tileinkað frú Vigdísí Finnbogadóttur og íslensku þjóðinni. Fyrir 40 árum stígum við Íslendingar framfaraskref á heimsvísu og vorum til fyrirmyndar með því að vera fyrst þjóða til að kjósa konu sem forseta í lýðræðislegum kosningum, frú Vigdísí Finnbogadóttur.



Á myndinni eru vinkonurnar Björg og Guðrún Vala.

Skemmtilegur liður í hvatningarátakinu eru TAKK veggir sem hafa verið settir upp víða um landið, og þar á meðal á Vöruhúsinu á Höfn. Erú íbúar og gestir hvattir til að stilla sér upp við vegginn og smella af mynd. Merkja hana síðan með myllumerkjnum #tilfyrirmyndar og #höfn.

Fyrirlestur fyrir ungmenni í vinnuskólanum



Nemendur vinnuskólans við verkefnavinnu

Mánudaginn 29. júní s.l. kom hingað á Höfn fyrirlesari sem heitir Beggi Ólafs. Hann kom hingað í boði USÚ til að halda fyrirlestur/námskeið fyrir ungmenni í vinnuskólanum á Höfn. Það eru ekki allir sem vita hver Beggi Ólafs er en hér eru smá upplýsingar af síðu hans hver hann er:

„Beggi er einlægur einstaklingur sem er að gera allt í hans valdi til að hjálpa fólki til að eiga eins þýðingarmikið líf og hægt er. Hann er fyrirlesari og er með MSc í þjálfunarsálfræði. Beggi hefur mikla reynslu úr íþróttum þar sem hann var fyrirliði mest allan sinn feril.

Hann hefur haldið um 70 fyrirlestra með góðum árangri fyrir rúmlega 4000 manns. Ásamt 6 ára sálfræðinámi hefur hann eytt mörgum tugum þúsunda í að mennta sig í andlegri vellíðan og heilsu. Markhópurinn hans Begga er fjölbreyttur og honum finnst sérstaklega skemmtilegt að aðlaga hvern fyrirlestur, þjálfunarsálfræðitíma og námskeið að hverju tilefni fyrir sig.

Beggi hefur mikla ástríðu fyrir því að miðla visku sinni til eins margra og hann mögulega getur. Markmið hans er að kortleggja hvað einkennir gott líf og hjálpa fólki með verkfærum úr sálfræði að færast nær lífinu sem þeir vilja lifa og að verða einstaklingarnir sem þeir vilja vera.

Vinna Begga er að mestu leyti byggð á sálfræði, persónulegri reynslu og stöðugri þróun. Hann vinnur sjálfstætt við þjálfunarsálfræði, fyrirlestra, námskeið og greiningar. Beggi vinnur með fjölbreyttum einstaklingum og hópum við persónuleg, félagsleg og fagleg markmið“.

Fyrirlesturinn gekk mjög vel og voru nemendur vinnuskólans virkir í verkefnavinnunni sem lögð var fyrir þau. Við þökkum USÚ kærlega fyrir námskeiðið.

*Fh. Vinnuskólans á Höfn
Herdís I Waage*

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Breyttar áherslur í innheimtumálum hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 7. apríl síðastliðinn að taka upp samstarf við Motus um innheimtu gjalda sveitarfélagsins sem ekki greiðast á réttum tíma. Markmiðið með samstarfinu er að tryggja jafnræði meðal íbúa, halda kostnaði vegna innheimtu vanskilakrafna í lágmarki og tryggja hagkvæmni í rekstri. Framvegis mun því bætast á vanskilakröfur ítrekunargjald í samræmi við upphæð kröfunnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður skorar á þá sem eiga ógreidd gjöld að ganga frá þeim fyrir 1. september næstkomandi, en að þeim tíma liðnum mun Motus annast innheimtu kröfunnar. Hægt er að greiða kröfur í heimabanka eða hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins og semja um ógreidd gjöld.



Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Tjöld, svefnpokar og mikið úrval af fallegri gjafavöru
ný sending af stofublómum og ilmkerum
Verið velkomin

Opið frá kl. 13-18 virka daga
478-2535 / 898-3664

Ríki Vatnajökuls - býður heim í sumar!

Nú er eitt sérstakasta sumar síðari tíma gengið í garð, en eins og alþjóð veit kallaði útbreiðsla corona veirunnar skæðu á verulega breytta ferðahegðun bæði hjá heimamönnum og okkar væntanlegu gestum. Um þó nokkurt högg er að ræða fyrir svæði eins og Sveitarfélagið Hornafjörð, þar sem ferðabjónusta er ein stærsta atvinnugrein svæðisins og fjölmargar fjölskyldur og einstaklingar byggja lífsviðurværi sitt á greininni. Til þess að bregðast við breyttum aðstæðum var sett aukkið fjármagn í markaðssetningu svæðisins til að kynna fyrir löndum okkar allt það sem ríki Vatnajökuls hefur upp á að bjóða. Langar okkur nú að upplýsa ykkur um stöðu markaðsmála fyrir sumarið í Ríki Vatnajökuls. Markaðsherferðin sem ber yfirskriftina "Ríki Vatnajökuls - býður heim í sumar" og er unnin er af auglýsingastofunni Sahara, er komin í loftið og lofar góðu. Eins og íbúar hafa eflaust orðið varir við eru falleg myndbönd frá svæðinu farin að dreifast á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #visitvatnajokull, auk þess sem greinar og myndefni birtast á prent- og netmiðlum. Við höfum einnig fengið góða aðila úr fjölmiðlaumhverfinu í heimsókn og sendi útvarpsstöðin K100 m.a. út bæði morgun- og síðdegisþáttinn sinn frá Höfn um liðna helgi.



Sveitarfélagið Hornafjörður á samfélagsmiðlum: #höfnheilsarþér #heimafhornafríði

Sveitarfélagið okkar hefur upp á fjölmargt að bjóða og hafa ferðabjónustuaðilar verið ötulir við að kynna starfsemi sína og svæðið í gegnum instragram reikning Ríkis Vatnajökuls. Nú langar okkur að bæta um betur og gefa Íslendingum færi á að skyggjast inn í hvernig lífið er í okkar góða samfélagi. Er því stefnan að bjóða áhugasömum íbúum að taka yfir instragram reikning sveitarfélagsins eina dagstund og segja frá degi í lífi Hornfirðinga. Vonumst við til að íbúar taki vel í þessa hugmynd og verði duglegir að miðla sumrinu í ríki Vatnajökuls með fylgjendum sveitarfélagsins á samfélagsmiðlum.

Langar okkur einnig að benda íbúum á að líta við svæðissíðunni www.visitvatnajokull.is, en hún hefur verið uppfærð mikið í sumar og er m.a. búið að bæta við nýrri og glæsilegri upplýsingasiðu á íslensku. Ef þið vitið um skemmtilega viðburði á svæðinu sem væri gott að koma á framfæri til gesta okkar þá megið þið gjarnan hafa samband við okkur og við komum þeim á framfæri á heimasíðunni.

Endilega hafið samband við okkur starfsmenn í atvinnu- og ferðamálum í netföngin ardis@hornafjordur.is eða thorkell@hornafjordur.is ef þið hafið hafið áhuga á að fóstora instragram reikning sveitarfélagsins í einn dag, eða hafið spurningar varðandi verkefnið.

Árdís Erna Halldórsdóttir
Þorkell Óskar Vignisson

Félagsmót Hornfirðings

Félagsmót Hestamannafélagsins Hornfirðings var haldið á félagssvæði þess að Fornustekjum dagana 20-21 júní. Mótið tókst vel og voru skráningar 68 samanborið við 33 skráningar í fyrra og var sérstaklega gaman að sjá bæði hvað margir voru komnir annars staðar frá og að skráningar í yngri flokkum voru 15 samanborið við eina frá því í fyrra.

Á laugardeginum var riðin forkeppni, þar sem einn er inná í einu og hefur þrjá hringi til þess að setja setja saman sýningu eftir viðeigandi keppnisfyrirkomulagi. Eftir fyrri keppnisdag hittust dómarmar, keppendur og allir þeir sem vildu í félagsheimilinu Stekkhól þar sem borin var fram frábær kjötsúpa í boði Hestamannafélagsins. Kvöldinu lauk svo með skemmtilegri Skógeyjarferð.

Á sunnudeginum voru riðin úrslit, þar sem að efstu hestar úr forkeppni öttu kappi þar sem saust mörg mögnuð tilþrif og urðu úrslitin eftirfarandi:

A flokkur- Gæðingaflokkur 1

1. Glæsir frá Lækjarbrekku 2 / Friðrik Reynisson 8,61
2. Pytur frá Litla-Hofi / Hilmar Þór Sigurjónsson 8,48
3. Matthildur frá Stormi / Einar Ben Þorsteinsson 8,45
4. Gimsteinn frá Viðinesi 1 / Anja-Kaarina Susanna Siipola 8,02
5. Marin frá Lækjarbrekku 2 / Hlynur Guðmundsson 0,00

B Flokkur- Gæðingaflokkur 1

1. Tromma frá Höfn / Hlynur Guðmundsson 8,90
2. Steinálfur frá Horni I / Ómar Ingi Ómarsson 8,48
3. Lukka frá Bjarnanesi / Olgeir K. Ólafsson 8,39
4. Perla frá Litla-Hofi / Katrín Líf Sigurðardóttir 8,19
5. Geisli frá Miðskeri / Eydis Sigurborg Benediktsdóttir 8,02

Barnaflokkur

1. Friðrik Snær Friðriksson / Jörundur frá Eystra-Fróðholti 8,38
2. Elín Ósk Óskarsdóttir / Brák frá Lækjarbrekku 8,08
3. Ída Mekkin Hlynsdóttir / Ör frá Hlíðarbergi 8,08
4. Edda Lind Einarsdóttir Hallbac / Kredía frá Útnyrðingsstöðum 7,93

Unglingaflokkur

1. Lilja Dögg Ágústsdóttir / Vinur frá Bjarnanesi 8,23
2. Eyvör Stella P. Guðmundsdóttir / Draupnir frá Álfrólum 6,97

A flokkur ungmenna

1. Mathilde Marij Nijzingh / Sveindis frá Bjargi 7,75

B flokkur ungmenna

1. Mathilde Larsen / Klerkur frá Bjarnanesi 8,55
2. Ólafía Ragna Magnúsdóttir / Neisti frá Fornustekjum 8,13
3. Mathilde Marij Nijzingh / Bjartur frá Horni 8,07

Flugskeið 100m P2

1. Friðrik Reynisson / Sleipnir frá Hlíðarbergi 8,40 sek
2. Friðrik Snær Friðriksson / Huginn frá Hlíðarbergi 9,30 sek
3. Gunnar Bragi Þorsteinsson / Logi frá Brekku, Fljótsdal 9,86 sek
4. Þeba Björt Karlsdóttir / Gjóf frá Múla 1 10,70 sek

Gæðingatölt 17 ára og yngri

1. Lilja Dögg Ágústsdóttir / Vinur frá Bjarnanesi 8,30
2. Friðrik Snær Friðriksson / Jörundur frá Eystra-Fróðholti 8,26

Gæðingatölt minna vanir

1. Magnús Skúlason / Stjarna frá Haga 8,26
2. Jóna Stína Bjarnadóttir / Gréta frá Fornustekjum 8,23
3. Mathilde marij Nijzingh / Bjartur frá Horni I 8,13
4. Geir Þorsteinsson / Dreyri frá Ölversholti 8,08
5. Marie Kristín / Hellir frá Horni I 7,79

Gæðingatölt meira vanir

1. Hlynur Guðmundsson / Tromma frá Höfn 8,70
2. Kristján Björgvinsson / Snúður frá Reyðará 8,28
3. Hallgrímur Anton Frimannsson / Ariel frá Teigabóli 8,27
4. Jón Birkir Finnsson / Aska frá Reyðará 8,05
5. Helgi Vigfús Valgeirsson / Sókrates frá Árnanesi 7,9

Þetta var virkilega skemmtileg helgi og þökkum öllum sem komu að mótinu og vonumst eftir því að sjá sem flesta með okkur í vetur.

Kveðja
Stjórn Hestamannafélagsins